

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri Hönnun og Hugmyndavinna MYL 113 Kennsluáætlun HAUST 2010	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari	Véronique Legros	Sk.st.	VER
	Viðtalstími : mið. 11:25-12:05 (í kennarastofu Listnámsbrautar) Netfang : vero@vma.is <i>gsm : 691.1450</i>		



Áfangalýsing:

Í áfanganum lærir nemandinn að þróa og setja fram hugmyndir sínar .
 Hann kynnist hugkortagerð, þemavinnu, uppbyggingu skissubókar og safnmöppu (portfolio).
 Hann vinnur tilrauna- og hugmyndavinnu og skoðar margvíslegar útfærsluleiðir.
 Nemandinn vinnur bæði einstaklingsverkefni og hópverkefni.

Markmið:

að nemandinn...

- ✓ þjálfir **opna og leitandi hugsun**
- ✓ náir tökum á ferlinu **hugmynd – úrvinnsla – afurð**
- ✓ skýri hugmyndir sínar á munnlegan, skriflegan og myndrænan hátt
- ✓ vinni hugmyndavinnu í hóp
- ✓ sýni hæfni til að **þróa hugmyndir**
- ✓ sýni **sjálfstæði, frumkvæði og hugmyndaauðgi** í vinnubrögðum
- ✓ þekki hugtökin **hugkort, hugstormur, þemavinna, synektík**
- ✓ vinni **innsetningarverk, videómálverk eða gjörning**
- ✓ læri að **þekkja eigið hugmyndavinnuferli**

Námsgögn:

Stuðst er við bækurnar Handbók í hugmyndavinnu eftir Steingrím Eyfjörð, Art Synectics eftir Nicholas Roukes og efni um Mind Mapping eftir Tony Buzan.

Innkaup:

Nemendur þurfa að eiga **góða bók** til að skrá hugmyndir
 Mappa og einhverskonar geymsla fyrir alla vinnu stærð **A3**

Verkefni:

Nemandinn:

- Hannar eigin hugmyndamöppu
- Safnar í hugmyndabanka og skráir eigið vinnu og hugmyndaferli
- Leysir 4 stærri hönnunarverkefni
- Tekur viðtal við hlut

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri Hönnun og Hugmyndavinna MYL 113 Kennsluáætlun HAUST 2010	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Áætlun um yfirferð:

Fyrstu 2 vikur annarinnar kynnumst við Hugkortagerð (Mind Mapping) og æfum okkur í að nota þau. Við þjálfum okkur líka í „Brainstorming“ eða Hugstormun sem er þýðingarmikill þáttur í allri hugmyndavinnu og kynnumst aðferðum í þemavinnu.

Í framhaldi er áfanganum skipt í 4 lotur þar sem nemendur vinna fjögur hugmyndaverkefni. Athugið að mikið er lagt upp úr persónulegri útfærslu á hugmyndum og því að nemendur nýti eigin færni og þekkingu til framsetningar og beiti margvíslegum miðlum.

Áhersla er lögð á það að allt vinnuferli sé sýnilegt í lok áfanga. Skráið hjá ykkur hvar hugmyndir fæðast og hvernig þær þróast.

Geymið allt riss og skissur, takið ljósmyndir eða video og skráið ferlið með öllum tiltækum ráðum. Geymið allar hugmyndir, ekki bara þær sem þið vinnið

Námsmat og vægi námsþátta:

Próflaus áfangi. Öll verkefni nemenda eru metin .

- Hugmyndamappa **40%** 4 fullkláruð hönnunarverkefni
+ hugmyndabanki (pælingar / skissuvinna / æfingar)
- Virkni, þátttaka í verkefnum og umræðum, opin og leitandi hugsun, sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði **30%**
- Sjálfsmat **15%**
- Viðtal við hlut **10%**
- Mæting **5%**

Það er 100 % mætingarskylda.

Einungis er gefið svigrúm fyrir 9 fjarvistarstig á önninni fyrir veikindi og þ.h. (3 stig fyrir hverja einingu).

Eftir það telst nemandi hafa sagt sig úr áfanganum.

Ef þið getið ekki mætt vinsamlega látið okkur vita í gegnum tölvupóst eða sms (sjá efst á blaði)

Með fyrirvara um breytingar

VERO

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

SBS Helmet Self Brain Storming Helmet

